Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf og skjöl fátækramála. 1847-1893

Aðfnr. 1016, örk 12

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

þessi krafa er komin allt of seint ~~Ettg~~ 9/1 85

Jeg undirskrifaður lýsi hjer með eptir skuld sem jeg á innistandandi í dánar-búi Jóni sál Steinssonar

| | | |
|---|---|---|
| Fyrir kindarfóður | — | 4 Krónur |
| — hestlán | — | 3 — |
| — aðgjörð á reiðstöngum | | 1 — |
| Í peningum | — | 1 |
| | alls | 9 Kr — |

Þessa ofangreinda skuld bið jeg Herra Bæjarfógetann í Reykjavík að hlutast til að mjer verði útlögð við skipti dánarbúsins: og að mjer verði svo send hún

Uppkoti í Norðurárdal 30. desember 1884
Þorsteinn Gíslason

Til

Bæjarfógetans í Reykjavík

Bfi 18/85

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Herra E. Th. Jónasen

á Bæjarfógeta

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kvittun send 6/5. 84

~~Ebrf.~~

3/5

Eptir að jeg var búinn að fá vitneskju um, að stúlkan Jósefína Hólmfríður Jónasardóttir, sem brjef yðar til mín, dags. 29. nóvember f. á., ræðir um, væri fædd í Þverárhreppi hjer í sýslu, skoraði jeg á hreppsnefndina þar í hreppi að endurgjalda fátækrasjóði Reykjavíkur legu- og útfararkostnað stúlku þessarar, að upphæð 42 kr. samkvæmt reikningi þeim, er fylgdi tjeðu brjefi yðar, og hefi jeg með brjefi hreppsnefndaroddvitans í ofangreindum hreppi, dags. 8. þ. m., veitt móttöku 30 kr. uppí kostnað þenna, sem jeg hjer með leyfi mjer að senda yður, herra bæjarfógeti, en ástæðurnar fyrir því að hreppsnefndin hefir mótmælt að greiða meira af hendi, fáið þjer sjeð af hjálögðu staðfestu eptirriti af brjefi

/.

Rvík

Brjf. No 319 – 84.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

oddvitans.

Jeg vænti að fá kvittun herra bæjarfógetans fyrir greiðslu þessara 30 króna.

Skrifstofu Húnavatnssýslu, 22. apríl 1884.

Lárus Blöndal

Til

Bæjarfógeta í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit

Með bréfi dags. 21. febr. þ. á. hafið þjer, herra sýslumaður, sent mjer undirrituðum staðfest eptirrit af reikningi yfir legu- og útfararkostnað Jósefínu Hólmfríðar Jónasdóttur, er dó í Reykjavík 4 júní síðastl., og jafnframt skorað á mig, að hlutast til um, að kostnaður þessi verði hið fyrsta endurgoldinn fátækrasjóði Reykjavíkur-kaupstaðar.

Eptir að jeg hafði lagt reikning þenna fram fyrir hreppsnefndina og hún tekið hann til umræðu á nefndarfundi, gat hún enga ástæðu fundið til að útfararkostnaður fátæklingi þessa, þyrfti að vera hærri en útfararkostnaður annara þurfamanna, og að hann væri fullborgaður með 30 kr., eins og gjört er ráð fyrir í Landshöfðingjabréfi 6. marz 1879. — Töluliður 4 í reikningnum (meðöl 3 kr. og læknishjálp 4 kr.) 7 kr. finnur nefndin ekki ástæðu til að borga, með því að hún álítur að fólk hinnar framliðnu hafi átt og getað kostað þá upphæð. —

ad Bfj No 319 / 1884.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt framanskrifuðu sendast yður, herra sýslumaður, hjer með 30 kr., sem er borgun af fátækrasjóði Þverárhrepps fyrir útlagðan útfararkostnað stúlkunnar J. Hólmfríðar Jónasardóttur, til fátækrasjóðs Reykjavíkurkaupstaðar. Hinum 12 kr., sem krafist er fram yfir upphæð þessa, er hjer með mótmælt.

Kvittun fyrir þessum 30 kr. óskast send við fyrsta tækifæri.

Í umboði hreppsnefndar Þverárhrepps.

Tjörn 8. april 1884.

J. S. Þorláksson.

Til

Sýslumannsins í Húnavatnssýslu.

\+ + +

Rjett eptirrit staðfestir

Lárus Blöndal.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ias —

a.

1884.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10/1 [illegible] protokoll

Hábd

f. á Selparti í Flóa (Gaulverja-hreppi)

8 ára fl. að Kumsík
með
foreldrum Þorkel Valdasen
konum ~~[illegible]~~ Álfsdóttur

b) ca. frá 12 á

– þaðan flutt í vinnu að Haukastöðum 4 á,

– þaðan að Neðra-Apavatni í Grímsnesi 9 á hjá Sigfúsi Daníelssyni – að ~~Skei~~ Klemmuskeiði á Skeiðum 4 á, þaðan fl. niður í Gard. í Gullbr. sýslu að Eydi 8 á, kom hingað í fyrra og fekk hér bójarl(?)

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

R. R 1 fædd á Saurbæ á Kjalarnesi

1875 kom til Einars Snikkar í sept., var til Maí 1876, fór þá til þorst. Guðmundss (assistentur) (sjálfs var sín (saumað) var þar) (4 ár, svo flutti hún í bakaríið 1 vetur (frá sept. til vors), svo til Brynjólfs bókb. 3 ár, fór þaðan í fyrra vor til Arna Snikkar til vors ~~nú~~, (1885) í ~~+~~ vor et var til þorv. Klausonar, þaðan 1. sept. til ~~hús~~ Jóns Símonarsonar.

(Ragnh. Runólfsdóttir)

saumakona

Skýrslan er alveg rétt:

75 hingað í bæ, og þá hjá Friðriki Guðmundssyni
76–79 sjálfs. sauma. hjá Þorst. Guðm.
80. var. í Bernhöfts húsi
81–83 sjálfs. saum. hjá Brynjólfi
84 do — — Arna Magnússyni —

H. Sveinsson

NB. skal gefa í betra formi, ef við þarf.

H.S.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að herra bæjarfógeti E. Th. Jónassen hafi í dag borgað mér 8 - átta - krónur uppí meðgjöf úr fátækrasjóði Reykjavíkur með Jóni Jóns-syni þessa mánuð viðurkennist.

Reykjavík hinn 18. januar 1884

Jón Erlendsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarfógetinn í Reykjavík
h. 11 janúar 1884

Hinrik? skorn?

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Að eg í dag hafi fengið að láni hjá bæjarfógeta E. Th. Jónassen úr fátækrasjóði 6 krónur til útfarar barns míns viðurkennist.

Reykjavík hinn 21/5. 1884.

Jón Erlendsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón Hermannsson
ve

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón Erlindsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Tekjur | Kr. | a. |
|---|---|---|
| 1. Borgun fyrir Jón Jónss. í december 1883 | 20. | 00 |
| 2. —— í janúar 1884 | 20. | 46 |
| 3 —— í febr. 1884 | 19. | 14 |
| | 59, | 60 |
| ÷ | 56 | 82 |
| | 2. | 78 |

1884
8/1

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| . a. | | Gjöld | | kr. a. |
|---|---|---|---|---|
| | 1884 | | | |
| | 8/1 | medt. í peningum . . . . | | 8.00 |
| ].00 | | do do . . . . | | 2.00 |
| ). 46 | | innskrift . . . . . . . | | 10.00 |
| ]. 14 | | auktionsskuld (frá Strand-uppb.) | | 11.00 |
| | | bæjargjald 1883 . . . . | | 14.02 |
| | | auktionsskuldir: | | |
| | | á uppb. 9/3.83 = | 0.31 | |
| | | —"— 3/11 83 = | 2.60 | |
| | | —"— 23/2 84 = | 3.70 | 6.61 |
| | | þinggjald: | | |
| | | 1882: | 4.27 | |
| | | 1883: | 0.60 | |
| | | 1884: | 0.32 | 5.19 |
| ],60 | | | | 56,82 |
| . 82 | | | | |
| 2.78 | | | | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jón Erlindsson skuldar

þessar auctionsskuldir &c

til mín:

1 frá uppboði 9/3. 83 = 0.31

2 — — 23/2 84 = 3.70

3 — — 3/11 83 = 2.60

þinggjald 1882 = 4.27

do 1883 = 0.60

do 1884 = 0.32

11.80

Reykjavík 31/12. 84

Eldr Jónassen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Til minnis

Fyrir Desbr. 8 Kr. í peningum
fyrir Janúar 10 Kr. í innskrift
2 Kr. í peningum –
fyrir síðastl. mánuð (Febr.) óúttekið
Óborgaðar 12 Kr. axtons-skuld (Rez)
~~Innf. 14 Kr. frá Lúðvíg Alexíussyni~~

7.02
14.00

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 26. okt. 1884.

Elskulegi vinur!

Guðrún Arnoddsdóttir, sem þú víst þekkir, sem einu-sinni var vinnukona hjá foreldrum mínum, er í vandræðum með að borga 18 Kr. idag, annars verður henni vísað út, og hefi jeg ráðlagt henni að vitja þín og biðja þig að hjálpa henni um 18 Kr. úr fátækrasjóði gegn endurgjaldi af framfærslu sveit hennar Vatnsleysustrandarhreppi; vildi jeg mega leggja til með við þig, að þú veittir henni þetta, en jafnframt að þú ekki fyrir þá sök flyttir hana hjeðan nema ef hreppur hennar krefst þess. –

Þinn

Sveinbjörnsen

Guðrúnu Arnoddardóttur voru veittar 18 krónur úr fátækrasjóði Reykjavíkur til þess að borga með húsaleigu, er hún ekki öðruvísi gat borgað.

E. Th. Jónassen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fyrir hönd Guðrúnar Arnoddar-
dóttur lofa eg að borga 18 Krónur
þeim sem vísar fram þessum
miða, nær sem krafist verður.

Reykjavík 26/10. 1884

E. Th. Jónassen
bæjarfógeti

ofanskrifaðar 18 krónur hefi jeg
veitt móttöku fyrir hönd Olafs Amunda-
sonar faktors.

Reykjavík 30/10 1884

Franz Siemsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til athugunar

14/2

Fyrir rúmum 2 árum reit ég fátækrastjórn Reykjavíkur bæjar bréf, þar sem ég bað hana að leggja fram kennslukostnað með vanræktum unglingi Niels Breiðfjörð Jósepssyni, sem þá var nýkominn hingað frá framfærsluhreppi sínum, Akranes-hreppi, mjög fákunnandi. Fátækrastjórnin varð vel við þessum tilmælum, og lagði fram kennslu-kostnaðinn, og var drengnum kennt þann vetur, og hann tók talsverðum framförum. Síðan hefir drengur þessi verið lengstum hjá móður sinni, en tekið harla litlum framförum, svo að hann, sem nú er kominn á 18. ár, er hvorki búinn að læra allan barnalærdóminn né orðinn almennilega bóklæs, og reyndist nýlega lítið kunna í því sem hann átti að hafa yfirfarið. Eptir þessu tel ég fullreynt, að móðir hans, ekkja Guðríður Guðmundsdóttir í Kirkjugarðsstræti, sé ekki fær um eða hafi ekki lag á, að uppfræða þennan son sinn til fermingar, og því nauðsyn, að útvega honum sérstaka fræðslu á öðrum stað. Ég hefi nokkra von um, að takast kynni að kenna dreng þessum til fermingar á næsta sumri, væri hin bezta ástundun höfð á því,

Bfj 107/84

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og aldursins vegna væri það æskilegt, ef þetta gæti tekizt. Eg hefi því ráðizt í að koma honum fyrir til kennslu hjá Guðrúnu Guðjónsdóttur hér í bænum, uppá væntanlega borgun að tilhlutun fátækranefndarinnar, sjálfsagt uppá hrepp drengsins. Upphæð kennslukostnaðarins verður eigi enn ákveðin, fyrri en reynsla er fengin fyrir þeirri fyrirhöfn, sem kennslan útheimtir; en eg treysti því, að hann verði settur mjög sanngjarnlega af kennaranum, og að fátækrastjórnin muni greiða hann á sínum tíma, eptir sanngjörnum reikningi, frá 1. degi þessa mánaðar.

Reykjavík, 9. Febr. 1884.

Hallgr. Sveinsson

Til
fátækranefndarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hetts
n
ði í
m
n
ter
nir
eg
m-
r
m-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

dB

Kristjána Möller —

ekkja Sigurðar Þórðarsonar

frá Pálsbg —

hún hjá tengdasyni sínum

Lúdvík Gudnasyni og

Línu Gudnadóttur

öll tvö búa með

systur hennar

viðurkenning — Andr. Þorbergsson

hefir búið með henni.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

I

Pjetur Þorvaldsson

húsmaður – 57 ára

á Bakka hjá Gísla B.

(– tilsagður 21/10 84)

~~Aust~~

II

Erlendur Guðmundsson

†

Okt. – marts

†

Bergur Pálsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 10

Eg undirskrifaður lofa og undirgengst, þá krafizt verður, að greiða í peningum kostnað allan við legu sjúklingsins Vigfúsar Árnasonar frá ______ á sjúkrahúsi Reykjavíkurbæjar, svo og útfararkostnað, ef þess þarf með.

Reykjavík, 11 dag des 1884

E. Th. Jónassen

Sjúklingur þessi var lagður inn á sjúkrahúsið hinn 11 des. mán. 1883 og hefir verið þar til hins 3 Jan mán. 1884 alls 24 daga.

| Borgun: | Kr. | A. |
|---|---|---|
| Legukostnaður fyrir fullorðna . . . 24 daga á | 24 | — |
| — — börn yngri en 12 ára — - | | |
| — — útlenda . . . . . . — - | | |
| Fyrir ljós og eldivið . . . . . . . . . . — - | 6 | |
| Verðhækkun fyrir betra fæði . . . . . . . . . . . | | |
| Aukaborgun fyrir næturvöku, kvennm. nætur á | | |
| — — — karlm. — - | | |
| Flutningur á og frá sjúkrahúsinu . . . . . . . . | | |
| Meðalareikningur . . . . . . . . . . . . . . . . . | 8 | 74 |
| Blóðhorn . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | | |
| Útfararkostnaðr . . . . . . . . . . . . . . . . . | | |
| alls | 38 | 74 |

Reykjavík, 3 dag Jan 1884

Finnur

p. t. umsjónarmaður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24/9 84

Stóru Háeyri Stokkseyrarhrepp 20 Sept. 1884

Herra Bæjarfógeti.
jeg hefi með tekið brjef yðar af 19 ágúst með t. 16 þ.m. viðvík-andi Guðríðu konu Guðmundar á Sandagerði að hún liggi sjúk á Spítalanum og jeg veldi gjöra Ráðstöfun fyrir henni.

Fyrst sem ekki var neitt um það spurt hvaða Ráðstöfun að við hjer veldum gjöra með þennan sjúkling áður en hún var látin á Spítalann get jeg eigi gjört aðra Ráðstöfun með hana en að jeg felgdum að gjöra svo litlum kostnað fyrir hana sem mögulega minnst getur verið. og flytja hana hið allra fyrsta af Spít-

Bjst. No 693 / 84. alanum að mögulegt er og senda hana [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

til síns kreppsi. enn sje hún ekki fær
til flutnings á að koma heim
til Guðmundar manns hennar
og getur hann sótt Björgu til
okkar hjer því nú stendur kominn
að matreið fyrir hana það sem
peningum skaffað

Virðingarfyllst

Guðrún Þórðardóttir

til Bæjarfógetans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Herra Bæjarfógeti

jeg hefi einnig tekið á móti þær skuldakröfum vegna Guðrún: Sanda 10 Kr og vegna Guðrúnar Guðm=undsdóttir 25 Kr 45 au sem hún ekki kannast við að eigi meira en 15 Krónur þessa upphæð óskið þjer eptir að fá endurgoldið fyrir þessi m. lok en jeg veit ekki annað en jeg verði á ferð í haust og vildi jeg þá mig láta það bíða þar til

Virðingarfylst

Guðm Sölvason

...tasið í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2/9

Laugardagerdi - Septbr 1884

Hr Bæjarfógeti E. Th. Jónassen
Rvik

þvir minar sárbágu kringum
stædur. verd ég ad til kinna
ydur. ad mér er ómögulegt.
ad borga kosnad þann sem
leydir af legu. konu minnar
á Sjúkrahúsenu. i þessu
bágu bjargrædis leysi. sem mi
er. þvi ég er ekki viss um ad
ad géta stadid straum af 2ur
börnum minum. enn gjöri
mitt itrasta..
þettad læt ég ekki hjálida
ad til kinna ydur
Gudmundur Virdingarfilst
Gudmundsson

Bréf No 634/84

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ávísað 6 krón. 6/8 84
EllJ.

Af því svo stendur á, að barn það sem Ingibjörg dóttir mín ól í heiminn fyrir 8 vikum síðan og sem skírt var Guðjón, hefir síðan það fæddist verið hjá mjer ásamt móður þess, án þess jeg fyrir það hafi fengið neinn styrk með því eða borgun, en efnahagur minn á hinn bóginn er svo aumur að mjer er með öllu ómögulegt að geta komizt af með að halda barn þetta lengur hjálparlaust, þá dyrfist jeg hjer með í auðmýkt að leita liðsinnis hinnar heiðruðu fátækra-stjórnar og biðja hana að koma barni þessu fyrir sem allra fyrst í einhvern góðan stað, eða ef henni ekki væri það mögulegt, þá að veita mjer fullt meðlag með því af fátækrafje Reykjavíkur, sem, ef ofannefnd dóttir mín eigi álitist sveitlæg í Reykjavík þar sem hún að sönnu hefir verið samfleytt 10 ár – eða frá því hún var 13 ára til þess hún var 23 ára – ætti að endurgjaldast af fæðingarhrepp hennar, sem er Álptaneshreppur. — Jeg óski þess að hin háttvirta fátækra-stjórn veiti mjer sem allra fyrst hjálp og liðsinni till í þessu efni, af því kringumstæður mínar eru svo vænar og heilsa mín og efnahagshagur svo þrotin að mjer er ómögulegt að ala önn fyrir barni þessu lengur hjálparlaust, en jeg þegar hefi gjört. —

Miðbýli í Reykjavík, 10 júlí 1884

Auðmjúklegast
[illegible]

Rfj 524/84

Til
fátækrastjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bfs. DI. 7-72

Eins og hinni heiðruðu fátækrastjórn

í Reykjavík er kunnugt, þá hefi eg orðið að uppbyggja af nýju hinn þrönefnda Hjöltersbæ hér í bænum, sem var gjörsamlega fallin, og goldið seinast liðið ár grunnstæði af tjeðum bæ; en þó bærinn sje nú svona uppgjörður, þá er þó ekki lifvænt í honum nema kakalofn sje settur í hann, einkum fyrir gamalmenni sem Hjölter og konu hans. ——

Jeg áugnaða mjer að nægilegum ofn umræddum mun eiga fást fyrir 8 Rd 10 sk; og þareð jeg nú hefi ljeð til bústaðs leigulaust fyrir yfirstandandi fardagaár handa þessum gamalmennum, sem annars hafði orðið sveitarinnar að sjá þeim fyrir húsnæði; þá leyfi jeg mjer hjermeð að mælast til að hin heiðraða fátækra stjórn vildi sjá um að ofn þessi fengist sem fyrst verða má, eða að mjer væri leyft, að láta setja hann upp móti endurgjaldi af fátækrastjórninni

Reykjavik þ. 11 Januar 1872

Virðingarfyllst

H. Kobb

Til

hinnar heiðruðu fátækrastjórnar

í Reykjavík

Neitað um af því se von að Hjalter er ætlaður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til

Fátækrastjórnarinnar

í

Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bps. DI 31-72.

Í gær dó hjer í bænum Jón nokkur Sigurðsson (Bjarnasonar frá Mosfelli); þessi maður var háseti hjá Stefáni Valdimarssyni, en jeg hafði gjört hann út, gegn því að jeg fengi hlut hans, og var svo litið umsamið milli okkar, eins og skriflegur samningur sýnir, er jeg get framvísað hvenær sem vera skal, að ef hann hlutaði 1 hundr. skyldi hann ekkert kaup fá; fengi hann 2 hdr. þá borgaði jeg honum 5 rd og fengi hann 3 hdr. borgaði jeg honum 10 rd. Nú var hann aðeins búinn að fá 1 hdr. hlut. Jeg þykist því sloppinn við hann, og þessvegna sje jeg mjer ekki skylt, — og sömuleiðis þykir formanni hans —, að koma honum í jörðina, þar hann engar eigur á, nema lítilfjörlegan

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fatnað, og hlýtur því, að minni meiningu útför hans að gjörast af fátækrasjóðnum gegn endurgjaldi af hans framfærslu-hreppi, sem jeg hefi komist eptir, að er Hýtingsstaðahreppur í Skagafjarðar-sýslu.

Jeg umæli því eptir, og óska bæði mín vegna og vegna Sr. Valdimars-sonar, að fátækrastjórnin gjöri útför þessa manns, gegn endurgjaldi af hans framfærsluhreppi.

Reykjavík 24. apríl 1872

S. Jónsson

(: járnsmiður)

Til

fátækraumsjónarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vísast til aðgjörðir fátækranefndarinnar og er nauðsyn til að útför manna sé gjörð

A. Thorsteinson

Samþykkir A. Thorsteinson. Hallgr. Sveinsson. Einar Þórðarson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Til
Fátækranefndarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 11 Maí 1872

Þar eð ektamaður minn, Einar Bjarnason kaup-
maður, sem og kunnugt er, í fyrra sumar fór á
undan mér til Ameríku, og eg á von á að
hann í sumar gjöri ráðstöfun til þess að vitja
mín til Englands, en tilm hér ofært að annast
um ferð mína til Englands héðan, þá leyfi eg mér
hérmeð að fara þess á leit við hina heiðruðu bæ-
jarstjórn Reykjavíkur kaupstaðar, að hún veiti
mér að láni farareyrir héðan til Englands
fyrir mig með 8 börnum og vinnukonu. Eg
tel það sjálfsagt að maður minn endurgjaldi
þann styrk, er mér þannig yrði veittur, það
fyrsta honum er unnt.
Það er auðskilið, að eg með svo mikla forstöðulausa
ómegð ekki get haldist við hér í kaupstaðnum eða yfir
höfuð neinstaðar hér í landi á [illegible], auk þess að þurfa
að þyggja talsvert meiri sveitarstyrk, sem fargjald-
inu mínu til Englands nemundi nema, og skilst
mér það hjá nær öllum skuldaeigendum í hag að
eg geti komist burtu ekki síður en sem með Póstum-
ber fram það þakklæti, þá vona eg líka að geta orðið

búinn að fá svar frá manni mínum, sem eg hefi
skrifað um skilda fyrir öllum mínum, að reyna til
að leita styrks frá hinni heiðruðu fátækrastjórn til
að komast til Englands, og geti þá nákvæmar
skýrt henni frá, hvað fyrir er orðið af manni
mínum um ferð mína.

Helga Sigurðardóttir

Til
Fátækrastjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur